



● VETRARFRÍSTUND - SKJÓLIÐ

Sótt er um á Mitt Reykjaness undir Umsóknir - Menntun og fræðsla - Umsókn í Skjólið

 <https://mittreykjaness.is/web/login.html>

Gjaldskrá er að finna á heimasíðu Reykjanessbæjar

 <https://www.reykjanessbaer.is/is/stjornsysla/fjarmal-og-rekstur/gjaldskrar>


● SUMARFRÍSTUND - ÆVINTÝRASMÍÐJUR

Sótt er um á frístundarvef Völu

 <https://fristund.vala.is>

● FERÐAÞJÓNUSTA REYKJANESS


Hægt er að sækja um akstur með Ferðaþjónustu Reykjaness á Mitt Reykjaness undir Umsóknir - Velferð - Umsókn um skólaakstur fatlaðra barna


 <https://mittreykjaness.is/web/login.html>


Opið fyrir umsóknir


Tímabil 2022-2023

HAFÐU SAMBAND

 skjolid@reykjanessbaer.is

 421-6629 / 421-6700

 88 húsið, Hafnargata 88, Reykjanessbær

 <https://www.reykjanessbaer.is/is/thjonusta/ithrottir-tomstundir/skjolid>

SKJÓLIÐ

Frístundaklúbbur

Sumar- og vetrarfrístund fyrir börn og ungmenni með fötlun



REYKJANESSBÆR

Í KRAFTI FJÖLBREYTILEIKANS

Skjólíð - vetrarfrístund

Skjólíð er frístundaklúbbur í Reykjanesbæ fyrir ungmenni með fötlun í 5.-10. bekk.

Skjólíð er vetrarfrístund og fer fram eftir að hefðbundnum skóladegi er lokið.

Skjólíð er opið alla virka daga frá 13:00 - 16:00, lögbundnum frídögum að undanskildum.

Markmið Skjólsins er að styrkja félagslega þátttöku ungmenna í frístundum. Unnið er með styrkleika hvers og eins með það í huga að skapa öruggt og velkomið andrúmsloft.

Fjölbreytt dagskrá er í boði fyrir hvern dag. Farið er meðal annars í vettvangsferð og sundferð einu sinni í viku.

Gildi Skjólsins

- Gleði
- Gagnkvæm virðing
- Sjálfstæði

Ævintýrasmiðjur - sumarfrístund

Ævintýrasmiðjur eru sumarfrístund í Reykjanesbæ fyrir börn og ungmenni með fötlun í 1.-10. bekk.

Börn og ungmenni með fötlun eiga rétt á 6 vikum í sumarfrístund.

Ævintýrasmiðjur hefjast í lok skólaárs og eru opnar alla virka daga frá 08:00 - 16:00.

Fjölbreytt dagskrá er í boði hvern dag. Farið er meðal annars í vettvangsferð hvern dag og sund tvisvar í viku.



Sumar- og vetrarfrístund barna og ungmenna með fötlun er þjónusta á vegum velferðarsviðs Reykjanesbæjar

Tjarnargata 12 | 230 Reykjanesbæ | Sími 421-6700


Vinnuskólahópur Skjólsins

Ungmenni í 8.-10. bekk í Skjólinu hafa kost á því að sækja um sumarstarf hjá Vinnuskóla Reykjanesbæjar.

Í starfinu felast fjölbreytt verkefni sem aðlöguð eru að getu og úthaldi ungmenna.

Starfsmaður í Skjólinu gefur ungmennum leiðsögn yfir daginn og er til taks.

Umsókn um sumarstarf í Vinnuskóla fer fram á vefsíðu Reykjanesbæjar undir Þjónusta - Menntun og fræðsla - Vinnuskóli Reykjanesbæjar.

 <https://www.reykjanesbaer.is/is/thjonusta/menntun-og-fraedsla/vinnuskoli-reykjanesbaejar>

